

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádrátt einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmalaflokka og visindalegra rannsóknarstarfa frá tekjuskattsstofni, við álagningu árin 1999–2002?

Svar óskast sundurliðað eftir árum, starfsemi gefenda og þiggjenda, sbr. framangreint, eftir því sem unnt er. Enn fremur er óskað eftir mati á því hvert hafi verið tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar á sama tímabili.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá embætti ríkisskattstjóra þá eru þær upplýsingar sem fyrir liggja fengnar úr skattframtali rekstraraðila, sem er stöðluð sundurliðun tekna og gjalda, eigna og skulda og fleiri atriða er snerta álagningu opinberra gjalda. Á skattframtali rekstraraðila er sérstakur reitur (3110) fyrir gjafir til menningarmála, líknarstarfsemi o.fl. Fram kemur í upplýsingum ríkisskattstjóra að í einhverjum tilvikum hafi meira verið fært í þann reit en frádráttarbært var til skatts og frádrátturinn bakfærður á skattframtali. Leiðréttingin sé færð í reit yfir ófrádráttarþæran kostnað en í þann reit geta farið ýmsar aðrar leiðréttingar þannig að ekki sé hægt að sjá sérstaklega hversu miklar leiðréttingar séu gerðar á gjaldfærðum gjöfum og framlögum. Einnig bendir ríkisskattstjóri á að nokkur af stærri félögum hafi fengið heimild til að skila með svokallaðri takmarkaðri útfyllingu, en þá sé m.a. ekki fyllt út í sundurliðun gjaldaliða. Engar upplýsingar sé því að fá úr skattframtali rekstraraðila um gjafir og styrki til menningarmála hjá þessum félögum. Þá segir í bréfi ríkisskattstjóra að skattframtal rekstraraðila sé framtal fyrir félög og einstaklinga með tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi yfir 20 millj. kr. Mjög fáir einstaklingar noti þetta eyðublað í framtalsskilum sínum og því takmarkaðar upplýsingar sem liggja fyrir um frádrátt skv. 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hjá mönnum með atvinnurekstur. Aðeins framtöl félaga sem skilað var í tölvutæku formi séu því inni í tölunum.

Að lokum kemur fram í svari ríkisskattstjóra til ráðuneytisins að erfitt sé að áætla tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar. Þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir um hve hár þessi frádráttur er frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi liggja engar upplýsingar fyrir um tekjutap sveitarfélaga.

Í töflu 1 eru sýndar greiðslur félaga til menningar- og líknarmála samkvæmt ársreikningum sundurliðaðar eftir árum og atvinnugreinum gefenda. Í töflu 2 kemur fram áætlað tekjutap ríkissjóðs. Til að áætla beint tekjutap ríkissjóðs hefur verið athugað hver væri heildarfrádráttur hjá félögum sem rekin voru með hagnaði og það margfaldað með skatthlutfalli ársins. Útreiknuð skattalækkun sýnir lækkun sem orðið hefði á tekjuskatti félaganna ef öll gjaldfærslan hefði komið til lækkunar á tekjuskattsstofni. Áréttað skal að miðað er við gildandi skatthlutfall hvers árs í þessum útreikningum.

Tafla 1. Gjafir og framlög samkvæmt rafrænum framtölum lögaðila eftir yfirflokkum íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar.

Tekjuár	Fjöldi rafrænna framtala						Fjöldi félaga með gjafir og framlög						Gjafir og framlög, þús. kr.			
	1998		1999		2000		2001		1998		1999		2000		2001	
	1998	1999	2000	2001	1998	1999	2000	2001	1998	1999	2000	2001	1998	1999	2000	2001
A Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	158	191	243	251	12	14	18	24	660	776	750	798	24.918	16.682	17.070	32.665
B Fiskveiðar	509	552	666	709	82	99	100	139	24.918	16.682	17.070	32.665	22.579	20.456	22.474	33.270
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1.024	1.263	1.496	1.534	121	167	214	281	22.579	20.456	22.474	33.270	113	137	119	225
C Námagróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	22	21	17	16	1	2	1	2	113	137	119	225	55.364	74.539	70.524	94.803
D Iðnaður	1.424	1.496	1.591	1.541	275	321	346	381	55.364	74.539	70.524	94.803	24.695	42.075	43.739	57.506
DA Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður; tóbaksíðnaður	393	447	450	438	91	117	120	139	24.695	42.075	43.739	57.506	1.467	791	1.160	890
DB Textíl- og fataíðnaður	68	64	79	74	12	15	15	13	1.467	791	1.160	890	645			
DD Trjáíðnaður	58				9				645				2.883	5.767	4.060	5.996
DE Pappíríðnaður og útgáfustarfsemi	222	252	275	253	34	40	45	44	2.883	5.767	4.060	5.996	1.816	1.844	2.282	2.165
DH Gúmmi- og plastvöruframleiðsla	64	58	59	54	11	15	12	15	1.816	1.844	2.282	2.165	1.955	1.642	2.512	3.283
DJ Gler-, leir- og steinefnaíðnaður	67	63	71	71	13	11	17	20	1.955	1.642	2.512	3.283	5.401	7.483	5.831	6.897
DJ Málmiðnaður	194	218	237	234	42	51	58	58	5.401	7.483	5.831	6.897	4.155	5.227	2.729	4.005
DK Vélsmiði og vélavíðgerðir	83	98	96	93	15	17	22	18	4.155	5.227	2.729	4.005	2.609	1.408	1.873	4.202
DL Rafmagns- og rafveitnaðnaður	65	65	74	77	20	14	15	19	2.609	1.408	1.873	4.202	3.244	1.254	1.047	3.053
DM Framleiðsla samgöngutækja	56	68	77	75	11	14	13	17	3.244	1.254	1.047	3.053	2.208	1.946	1.346	3.613
DN Húsgagnaíðnaður og annar ótalinn íðnaður	113	121	129	124	10	18	17	27	2.208	1.946	1.346	3.613	0	0	0	0
E Veitur	17	27	27	33	0	0	0	0	0	0	0	0	108.831	140.264	132.535	128.632
G Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2.142	2.355	2.479	2.438	390	422	456	505	108.831	140.264	132.535	128.632	15.429	16.591	28.115	33.361
I Samgöngur og flutningar	366	429	506	485	54	61	76	79	15.429	16.591	28.115	33.361	7.513	8.543	27.164	11.280
H Hótel- og veitingahúsarektur	366	431	488	482	60	63	104	106	7.513	8.543	27.164	11.280	36.498	45.246	53.498	63.929
J Fjármálaþjónusta, líffeyrissjóðir og váttryggingar	170	223	252	269	20	28	33	34	36.498	45.246	53.498	63.929	24.903	35.848	45.924	59.650
K Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	2.302	2.756	3.348	3.487	200	254	305	394	24.903	35.848	45.924	59.650	187	187	155	872
M Fræðslustarfsemi	44	61	75	65	5	7	5	7	187	187	155	872	1.211	1.653	2.175	3.434
N Heilbrigðis- og félagsþjónusta	154	216	289	343	32	40	60	77	1.211	1.653	2.175	3.434	1.797	3.297	5.078	6.613
O Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	440	543	638	595	52	71	75	87	1.797	3.297	5.078	6.613	3.547	2.007	3.706	3.706
Q Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	1	81	86	80	0	14	19	24	3.547	2.007	3.706	3.706	1.441	1.778	249	5.842
Annað, ótilgreint	884	994	1.171	1.103	12	10	5	10	1.441	1.778	249	5.842	301.444	369.542	407.839	479.114
Samtals	10.025	11.642	13.379	13.436	1.316	1.573	1.817	2.151	301.444	369.542	407.839	479.114				

Upplýsingar byggjast á rafrænum skattframtölum lögaðila og miðast við stöðu gagna 18. febrúar 2003.

Tafla 2. Frádráttarþær framlög til líknar- og menningarmála og áætluð skattaáhrif 1998 til 2001.

Tekjuár	Félagsform	Lækkun tekjuskattstofns			Áætluð lækkun tekjuskatts		
		Félög með staerri eða jafnt og núll	Félög með yfirfærnanlegt tap	Samtals	Félög með staerri eða jafnt og núll	Félög með yfirfærnanlegt tap	Samtals
1998	Sameignarfélög	6.633.690	1.692.747	8.326.437	2.520.802	643.244	3.104.046
1998	Önnur skattskyld félög	158.671.773	133.617.554	292.289.327	47.601.532	40.085.266	87.686.798
1998	Óskattskyld félög	690.257	138.388	828.645			
	Samtals	165.995.720	135.448.689	301.444.409	50.122.334	40.728.510	90.850.844
1999	Sameignarfélög	7.758.187	1.866.304	9.624.491	2.948.111	709.196	3.657.307
1999	Önnur skattskyld félög	176.443.740	180.025.476	356.469.216	52.933.122	54.007.643	106.940.765
1999	Óskattskyld félög	3.179.076	269.301	3.448.377			
	Samtals	187.381.003	182.161.081	369.542.084	55.881.233	54.716.838	110.598.071
2000	Sameignarfélög	7.146.756	2.696.513	9.843.269	2.715.767	1.024.675	3.740.442
2000	Önnur skattskyld félög	169.481.259	226.479.442	395.960.701	50.844.378	67.943.833	118.788.210
2000	Óskattskyld félög	1.359.684	675.400	2.035.084			
	Samtals	177.987.699	229.851.355	407.839.054	53.560.145	68.968.508	122.528.653
2001	Sameignarfélög	16.463.378	23.716.676	40.180.054	6.256.084	9.012.337	15.268.421
2001	Önnur skattskyld félög	145.879.766	285.985.417	431.865.183	43.763.930	85.795.625	129.559.555
2001	Óskattskyld félög	3.511.936	3.556.650	7.068.586			
	Samtals	165.855.080	313.258.743	479.113.823	50.020.013	94.807.962	144.827.975